

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðiseftirlit á Suðurlandssvæði, sbr. 6. gr. 9. tl. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

1. gr.

Eftirlitsgjöld samkv. gjaldskrá fyrir heilbrigðiseftirlit Suðurlandssvæðis nr. 470/1985 verða á árinu 1987 sem hér segir:

Eftirlitsgjöld:

1. flokkur	5 000
2. flokkur	10 000
3. flokkur	19 000
4. flokkur	32 000

Leyfisgjöld:

1. flokkur	1 900
2. flokkur	3 800
3. flokkur	5 700
4. flokkur	7 600

Gjöld fyrir vottorð kr. 650.

2. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarfélögum á heilbrigðiseftirlitssvæði Suðurlands, samanber 6. gr. 9. tl. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, staðfestist hér með samkvæmt 5. gr. þeirra laga til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 4. mars 1987.

F.h.r.

Ingimar Sigurðsson.

Soffía Magnúsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðiseftirlit á Akranessvæði sbr. reglugerð nr. 195/1985, um skiptingu heilbrigðiseftirlits á Vesturlandssvæði, sbr. 6. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

1. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi á svæði heilbrigðiseftirlits skal, samkvæmt lögum nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og heilbrigðisreglugerð nr. 45/1972, greiða gjöld svo sem seinir í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Eftirlitsskyldum fyrirtækjum skal skipt í 6 flokka eftir gerð og umfangi þeirra í samræmi við fylgiskjal með gjaldskrá þessari.